

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 63
um sjerstakan þingstað Helgafellssóknar. — Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar 24. maí
 í Helgafellssveit, meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og tillögum yðar, herra
 amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 19 þ. m., vil eg hjermed veita samþykki
 mitt til þess að Helgafellssveit, sem hingað til hefir haft sameiginlegan þing-
 stað í Stykkishólmi við Stykkishólshrepp, verði eftirleiðis sjerstök manntals-
 þinghá með þingstað á svonefndum Skildi, og er samþykki þetta bundið því
 skilyrði, að hreppsnefndin í Helgafellssveit sjái um að til verði á þessum
 stað sæmilegt hús til þinghalda.

Með þessu ákvæði er engin breyting gjörð á skipun dómpingháa Snæ-
 fellssnessýslu.

Þetta er yður hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-
 legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reikningur

64

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í
 Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri 1898.

Tekjur:		kr. au.
1. Eign frá fyrra ári:		
a. Einarstaðir og Pjetursborg	— kr. 2000 00	
b. Í sparisjóði Akureyrar	— — 1006 39	3006 39
2. Afgjald af Einarstöðum og Pétursborg		145 60
3. Gjafir einstakra manna		143 55
4. Í gjafahirzlunum fundust		28 15
5. Vextir af innieign í sjóði		41 40
6. Til jafnaðar við gjaldalið 3.		146 85
	Kr.	3511 94

Gjöld:		kr. au.
1. Styrkur til 18 ekkna		155 00
2. Ýmisleg útgjöld		56 85
3. Lagt í sparisjóð Akureyrar		146 85
4. Eign til næsta árs:		
a. Einarstaðir og Pjetursborg	kr. 2000 00	
b. Í sparisjóði Akureyrar	— 1153 24	3153 24
	kr.	3511 94

Skrifstofu Norduramtsins, Akureyri 18. jan. 1899.

Páll Briem.